

57. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn miðvikudaginn 13. Janúar 2016

Fundargerð

Fundurinn haldinn í fundarsal Fjarðabyggðar og í síma og hófst fundur kl. 14:00

Mættir stjórnarmenn á staðnum: Gunnar Jónsson (GJ), Sigrún Birna Björnsdóttir (SBB), Sveinn Jónsson (SJ), Sigrún Blöndal (SB), Berglind Häsler (BH),

Mættir stjórnarmenn í síma: Adolf Guðmundsson (AG), Sæunn Stefánsdóttir (ST)

Fjarverandi voru sem afboðuðu sig: Karl Lauritzson (KL)

Mættir starfsmenn: Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÞ) sem ritaði fundargerð og Signý Ormarsdóttir (SO)

Mættir gesti í dagskrálið nr. 2: Þorsteinn Ingi Sigfússon forstjóri NMI (í síma), Berglind Hallgrímsdóttir framkvæmdastjóri NMI (á staðnum)

Dagskrá:

1. Samþykkt síðustu fundargerðar
2. Þjónusta Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands á Austurlandi
3. Hagvísar Austurlands
4. Önnur mál

Gunnar Jónsson setti fundinn og bauð alla velkomna.

1) Samþykkt síðustu fundargerðar

Fundargerð 56 staðfest með undirritun

2) Þjónusta Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands á Austurlandi

GJ bauð gesti fundarins þau Þorstein Inga Sigfússon forstjóra NMI (í síma) og Berglindi Hallgrímsdóttur framkvæmdastjóra NMI velkomna. GJ fór yfir ástæðu þess að stjórn Austurbrúar óskaði eftir komu þeirra á fundinn. Mikil áhersla er hjá stjórn á aukna starfsemi hjá NMI á Austurlandi og sérstaklega nú þegar Austurbrú hefur beina aðkomu að því að starfsmaður NMI sé staðsettur á Austurlandi. Þá hafi reynslan sýnt að umsóknir í Tækniþróunarsjóð er litlar sem engar frá Austurlandi sem ætti, í samræmi við þau umsvif sem eru í atvinnulífinu, að vera mun fleiri. Þörfin fyrir aukinn sýnileika NMI og stuðningi við frumkvöðla er tilfinnanleg á Austurlandi. Ríkisstofnun með jafn stórt hlutverk og NMI hefur á landsvísu kallar á mikið meiri nálægð starfsemi hennar við atvinnulífið á Austurlandi m.a. út frá því að það eigi lengst að sækja þjónustu til höfuðborgarsvæðisins.

BH fór yfir stöðuna hjá NMI og að fjármögnun sem eyrnamerkt hafði verið „NA- nefndinni“ svo kölluðu væri ekki til staðar lengur í fjárveitingum NMI. Starfsmaður hefði verið ráðinn á grundvelli samnings NMI og Austurbrúar sem myndi hefja störf núna í janúar með aðsetur á Djúpavogi. Reiknað væri með að sá starfsmaður þjónustaði allt svæðið. BH og ÞIS fór yfir að viljinn væri til staðar að sinna landshlutanum betur en fjármögnunin væri það ekki.

Töluvert var rætt um bæði verkefni, m.a. „Ræsinga á Austurlandi“ „Brautargengi ofl. Mismunandi sýn á fjármögnun verkefna sem og þörf á svæðinu fyrir þjónustu NMI. Ítrekar stjórn mikilvægi þess að NMI byggji upp þjónustu sína á svæðinu bæði sem stofn- og samstarfsaðili Austurbrúar og sem sú ríkisstofnun sem á að sinna þjónustu við frumkvöðla hvar sem er á landinu skv. lögum.

GJ þakkaði gestunum Berglindi og Þorsteini kærlega fyrir komuna á fundinn.

Sæunn Stefánsdóttir yfirgaf fundinn í samræmi við boðuð forföll á seinni hluta fundarins.

3) Hagvísar Austurlands

JÁÐ fór yfir kynningu á verkefnahugmyndinni um Hagvísa Austurlands. Stjórn líst vel á uppleggið og telur að ná fjármögnun á þetta verkefni mikilvægt skref inn í framtíðina og í samræmi við sóknaráætlun landshlutans.

Framkvæmdastjóra er falið að skipa starfshóp í kringum verkefnið og útfæra það í samráði við hann. Stjórn óskar eftir aðkomu Byggðastofnunar að verkefninu og er formanni og framkvæmdastjóra falið að funda með stofnuninni.

4) Önnur mál

a) Samningur við ferðamálastofu vegna 2016

JÁÐ fór yfir drögin sem liggja fyrir. Stjórn samþykkir þau og felur JÁÐ að undirrita samninginn.

b) Aðgerðaráætlun frumkvæði og framfarir

JÁÐ lagði fram til kynningar skjal frá ANR heitið Frumkvæði og framfarir – aðgerðaáætlun í þágu frumkvöðla og sprotafyrirtækja sem Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytið lagði fram þann 15. desember 2015.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundu slitið kl. 16:00

Gunnar Jónsson

Sveinn Jónsson

Sæunn Stefánsdóttir

Berglind Häsler

Sigrún Blöndal

Adolf Guðmundsson

Sigrún Birna Björnsdóttir

